



**Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundum nr. 253, dags: 13.
febrúar 2025**

Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 669 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. febrúar sl. og hefur fækkað um 6 frá því í byrjun desember.

Framkvæmdir við uppbyggingu íþróttamannvirkja hafa gengið vel og er verkið á áætlun þrátt fyrir rysjótt veður að undanförunu. Verið er að fylla í sökkul hússins og verður límtré væntanlega komið í Búðardal fyrir næsta fund sveitarstjórnar. Í bígerð er að setja upp vefmyndavélar sem beint yrði að framkvæmdasvæðinu eingöngu þannig að áhugasamir geti fylgst með þróun verksins á heimasíðu Dalabyggðar.





Jólasveinarnir úr Dölnum

Næsta úthlutunarhátíð DalaAuðs verður þann 27. febrúar n.k. Það voru margar áhugaverðar umsóknir sem bárust til úthlutunarnefndar nú sem fyrr. Í næstu viku tekur stjórn Byggðastofnunar fyrir erindi okkar um framhald á samstarfi í einhvers konar mynd en núverandi samningur rennur út í árslok.

Á fundi menningarmálanefndar þann 15. janúar sl. voru teknar fyrir umsóknir sem bárust í Menningarmálaverkefnasjóð Dalabyggðar fyrir árið 2025. Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins skal úthlutunin fara fram fyrir þann 1. febrúar ár hvert. Auglýst var eftir umsóknum 10. desember 2024 og var umsóknarfrestur til og með 10. janúar 2025. Í þetta sinn bárust 14 umsóknir, til úthlutunar voru 1.000.000 kr. Níu verkefni hlutu styrk að þessu sinni.



Styrkjum að upphæð 48,5 milljónum króna var úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands til 68 verkefna við hátíðlega athöfn í Grundarfirði föstudaginn 24. janúar sl. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Vesturlands er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Auglýst er opinberlega eftir umsóknum og eru þær metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Vesturlands og reglum sjóðsins.

- Það voru 15 verkefni í flokki Atvinnu- og nýsköpunarstyrkja sem skiptu með sér 11.500.000 kr.- og þar af fjögur í Dalabyggð sem fengu samtals 3.000.000 kr.-
- Þá voru 47 verkefni í flokki Menningarstyrkja sem skiptu með sér 32.240.000 kr.- og þar voru sjö verkefni úr Dalabyggð sem fengu samtals 3.700.000 kr.- Vert er að nefna að í þessu flokki eru einnig önnur verkefni sem munu teygja anga sína inn í Dalabyggð, s.s. sýningar og tónleikar, þó að verkefnin séu sprottin annars staðar á Vesturlandi.
- Að lokum voru það 6 verkefni sem hlutu Stofn- og rekstrarstyrki en sá flokkur skipti með sér 4.700.000 kr.- og þar af komu 2.400.000 kr.- til þriggja verkefna í Dalabyggð.

Af þessu öllu leiðir að það eru 9.100.000 kr.- sem renna til verkefna í Dalabyggð samkvæmt úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands eða yfir 18% af heildarupphæð styrkja. Það er mikil gróska í atvinnu- og menningarmálum í Dalabyggð sem og á Vesturlandi öllu og verður virkilega spennandi að fylgjast með þessum verkefnum verða að veruleika og efla samfélagið okkar í Dölum og Vesturlandi öllu á fjölbreyttan hátt.



Eins og kunnugt er fengum við í Dalabyggð styrk úr C1 sjóði Byggðastofnunar til að undirbúa uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og síðan, líkt og kynnt hefur verið, samþykkti Byggðastofnun að koma af einn meiri þunga inn í verkefnið með okkur. Nú er verið að ræða við áhugasama aðila um aðkomu að verkefninu sem og þá sem sýnt hafa áhuga á að kaupa og/eða leigja aðstöðu þannig að vonandi á næstu vikum skýrast mál enn frekar varðandi þetta mikilvæga verkefni.

Einnig vil ég nefna hér að aukinn þrýstingur hefur verið settur á ríkisvaldið varðandi afar þarfa uppbyggingu aðstöðu fyrir viðbragðsaðila hér í Búðardal. Allt kapp er lagt á að það verkefni og þá aðstaða fyrir lögreglu og sjúkrabíla verði ávarpað í fjármálaáætlun þeirri sem ríkisstjórnin hyggst leggja fram í mars mánuði. Ráðherrar og þingmenn hafa fengið kynningu og formleg erindi send þannig að vonandi fær þetta mikilvæga verkefni áheyrn þeirra sem stýra málum.

Búðardalur:

Sóknarhugur er í Dalamönnum

Í Búðardal er fyrirhugað að reisa atvinnuhúsnæði með allt að 150 milljónum króna stuðningi Byggðastofnunar, en viðvarandi skortur hefur verið þar í slíkum fjárfestingum sem hefur hamlað framfarum í byggðarlaginu.

Uppbyggingaráformin eru hluti af samstarfsverkefni Dalabyggðar, Byggðastofnunar og Fjárfestingafélagsins Hvamms. „Byggðastofnun og Dalabyggð hafa nú undirritað viðgjafyfýringu þess efnis að Byggðastofnun muni leggja til þetta fjármagn í verkefnið og Dalabyggð muni leggja til lóð, teikningar, gatnagerð og lagnir að lóð þar sem atvinnuhúsnæði mun rísa,“ segir Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri í Dalabyggð.

Fyrirmynd að öðrum samþærilegum verkefnum

Hann segir að um tilraunaverkefni sé að ræða. „Við erum að leita að samstarfsaðilum sem vilja koma inn sem fjárfestar í verkefninu, byggingaráðilum sem jafnframt hafa áhuga á því að fjárfesta í verkefninu eða kaupendum á eignarhlut í húsnæðinu.

Það er verulega ánægjulegt að fá þessa sterku aðkomu Byggðastofnunar að þessu verkefni okkar í Dalabyggð og ég er handviss um að þetta verkefni, ef vel tekst til, verði fyrirmynd að samþærilegum verkefnum hringinn í kringum landið þar sem aðstöður eru viðlíka og hjá okkur í Dölum þar sem skortur hefur verið undanfarin ár í innviðauppbýggingu,“ segir Björn Bjarki.

Þátttaka í Brothætum byggðum

Á undanförunum misserum hefur sveitarfélagið hið harða varnarbaráttu til að sporna við mikilli fækkun íbúa sem varð á árabílinu 1998 allt fram til 2021 en á því tímabilinu fækkaði íbúum úr 833 niður í 607. Íbúafjöldi nú í Dalabyggð er um 660.



Búðardalur í Dalabyggð, þar sem um 38,5 prósent íbúa sveitarfélagsins búa.



Fulltrúar Dalabyggðar, Byggðastofnunar og Fjárfestingafélagsins Hvamms skoða svæðið þar sem fyrirhugað er að reisa húsnæði viðbragðsaðila og atvinnuhúsnæði.

Myndir / Afsendar

Þátttaka í verkefni Byggðastofnunar, Brothætta byggðir, sem hófst á fyrri hluta árs 2022, hefur hleypt meira lífi í dreifbýlið, en það gengur undir heitinu DalaAuður.

Uppbygging í gangi

húsnæðislausir í dag – ásamt björgunarsveit, slysatvinnudeild og Rauða krossinn. Þarna gætu verið áhugaverðir samnýtingarkostir og samlegðaráhrif.

Þessi verkefni eru verulega jákvæð viðbót við verkefni sem eru í gangi, en verið er að byggja ný íþróttamannvirki

FRÉTTIR 24.01.2025 08:01



Uppsláttur sökkulvegja undir íþróttasalnum. Ljósmynd: dalir.is

Ekkert lát á framkvæmdum í Búðardal

Fyrir áramót var auglýst nýtt starf hér í Dalabyggð sem er samstarfsverkefni okkar og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands þar sem helstu verkefni eru sjúkraflutningar á dagvinnutíma og almenn umhirða og viðhald húsnæðis í eigu Dalabyggðar og HVE sem tilgreind voru í auglýsingu. Umsóknarfrestur var til 16. desember sl. Það voru mjög góðar umsóknir sem bárust í starfið og eftir yfirferð og viðtöl við fjóra af umsækjendunum var það samdóma álit okkar sem viðtöl tóku að ganga til samninga við Svan Loga Guðmundsson og hefur hann þegar hafið störf, bjóðum við hann velkominn til starfa.

Talandi um starfsmannamál þá er Guðný Erna Bjarnadóttir lýðheilsufulltrúi mætt til starfa hjá okkur og bjóðum við hana hér velkomna til starfa sömuleiðis.

Óformlegt samtal okkar í Dalabyggð við sveitarstjórn Húnaþings vestra um að skoða kosti þess og galla við að sameina þessi tvö landstóru sveitarfélög er nú hafið og hafa verið haldnir tveir fundir starfshóps sem skipaður var. Stefnt er að íbúafundum í lok mars að óbreyttu.




Við áttum í fyrri hluta janúar í hressandi samskiptum við HMS (Húnsæðis og mannvirkjastofnun) í kjölfar birtingar þeirra á desemberskýrslu sinni þar sem fram komu vægast sagt villandi upplýsinga um fjölda „tómra íbúða“ á landinu. „Það er afar bagalegt þegar þrýstingur á útgáfu talna sem þessara ber raunstöðu og þar með sannleikann algerlega ofurliði,“ lét undirritaður hafa m.a. eftir sér á vef Skessuhorns og stend ég algerlega við þau orð. Sjá hér slóð á frétt Skessuhorns vegna þessa: <https://skessuhorn.is/2025/01/09/atelja-vinnubrogd-hms-vid-framsetningu-upplysinga-um-tomar-ibudir>



Óveður og rauðar viðvaranir gerðu landsmönnum lífið leitt í síðustu viku og ákváðum við í ljósi mjög vöndrar veðurspár og rauðrar viðvörunar að aflýsa öllu skólhaldi í Dalabyggð fimmtudaginn 6. febrúar. Sem betur fór stóð óveðrið skemur yfir en spáð var en engu að síður var gott að fara að öllu með gát. Ekki urðu nein veruleg foktjón hér í Dölnum svo ég viti en engu að síður urðu víða einhverjar skemmdir af völdum þessa veðurofsa sem yfir okkur gekk – mest er um vert að enginn slasaðist og fyrir það ber að þakka.

Almannavarnarnefnd á Vesturlandi fundaði með sérfræðingum á Veðurstofunni og Embættis ríkislögreglustjóra fyrir stuttu til þess að ræða stöðuna í tengslum við vaxandi óróa og jarðskjálfta í og við Ljósufjöll. Stefnt er að því að halda opinn upplýsingafund á næstunni sem jafnframt verði streymt með þeim sérfræðingum sem okkur hittu þannig að við séum og verðum sem best viðbúinn ef eitthvað frekara gerist hvað jarðhræringar varðar á svæðinu.

Viðvaranir




112 dagurinn var haldinn sl. þriðjudag eða þann 11. Febrúar og lögðu viðbragðsaðilar hér í Dölum sitt af mörkum til að vekja athygli á því mikilvæga starfi sem þeir sinna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Markmið dagsins er að minna á þetta mikilvæga neyðarnúmer ásamt því að þakka neyðarvörðum og öðrum viðbragðsaðilum fyrir þeirra ómetanlegu störf. Dagsetningin 11.2. er táknræn og hjálpar landsmönnum að muna þetta lífsnauðsynlega númer. Þema 112 dagsins árið 2025 var „Börn og öryggi“. Eins og við vitum þá gegna börnin lykilhlutverkum í forvörnum og öryggismálum með því að vera góðar fyrirmyndir í daglegu lífi, til dæmis með því að nota endurskinsmerki, hjólahjálms og spenna bílbelti.



11.2
EINN EINN TVEIR
dagurinn

**BÖRN
OG ÖRYGGI**
11. FEBRÚAR 2025
ÖRYGGI BARNA FRAMAR ÖLLU

HJÁ SLÖKKVILIÐINU Í SKÓGARHLÍÐ 14, REYKJAVÍK



Tilkynningar

Viðvörðun

06:28

Hættustig vegna bikblæðinga er í gildi á Bröttubrekku, í gengum Dalina, yfir Svínadal og út Hvolsdal en einnig á veginum yfir Vatnaleið, undir Hafursfelli og að Heydalsafleggjara. Hraði er tikinn niðu í 70 km/klst

Talandi um rauðar viðvaranir og 112 daginn þá er ekki hjá því komist hér í skýrslu minni að tala enn og aftur um ástand vega og set ég hér með skjámynd tekinn af vef Vegagerðarinnar fyrr í dag, fimmtudaginn 13. febrúar 2025. Við munum í kjölfar fundar sveitarstjórnar koma skýrum skilaboðum frá okkur varðandi stöðu mála til þeirra sem bera ábyrgð á vegamálum og öryggi vegfarenda !

Undirritaður átti fund með ráðherra sveitarstjórnar- og samgöngumála þann 20. janúar sl. Einnig var á fundinum skrifstofustjóri sveitarstjórnarmála. Samtalið fór út um víðan völl í þessum mikilvægu málefnum sem um ræðir og verður áhugavert að fylgjast með þróun þessara mála í ráðuneytinu á komandi vikum og mánuðum.

Fundur fulltrúa frá Samtökum sveitarfélaga með þingmönnum NV-kjördæmis fór fram í húsakynnum alþingis þann 22. janúar sl. Þingmenn kjördæmisins, fyrir utan fulltrúa Flokks fólksins, áttu við okkur gott samtal og var ánægjulegt að finna þann tón að þingmannahópurinn ætlar að reyna að snúa bökum saman í þágu kjördæmisins. Það verður, líkt og með störf ráðherra sveitarstjórnar- og samgöngumála, áhugavert að fylgjast með þróun þessara mála hjá þingmannahópnum okkar á komandi vikum og mánuðum.

Miðvikudaginn 12. febrúar áttum við fulltrúar sveitarfélaga á Vesturlandi og SSV fund með ráðherra sveitarstjórnar- og samgöngumála. Fundurinn fór fram í fjarfundi og stóð í um klukkustund og var farið út um víðan völl enda af nógu að taka. Það verður áhugavert að sjá hverjar helstu áherslur nýs ráðherra verða þegar málin fara að taka á sig skýrari mynd eftir þessar fyrstu vikur ráðherrans í embætti.



Reglulegir fundir fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga með framkvæmdastjórum vegna stöðu í kjaraviðræðum hafa verið haldnir undanfarið. Staðan er snúin en von mín stendur til að deiluaðilar finni samningsflöt svo fljótt sem verða má þannig að ekki þurfi að koma til frekari verkfalla á næstunni. Samningsumboð Dalabyggðar líkt og annarra sveitarfélaga liggur hjá samninganefnd Sambandsins okkar og erum við ekki aðilar að samtalinu en fáum, líkt og áður sagði, reglulega fréttir af stöðu mála.





Nú eru í kynningu tvær tillögur að deiliskipulagi í Búðardal sem sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti 14. nóvember 2024 að auglýsa skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða annars vegar deiliskipulag sunnan Miðbrautar í Búðardal, sem nær til íbúðarbyggðar við Ægisbraut og Stekkjarhvamm og opna svæðisins suðvestan skólasvæðisins og Dalabúðar. Hins vegar er um að ræða deiliskipulag norðan Miðbrautar, sem tekur til íbúðarbyggðar við Búðarbraut, Dalbraut, Gunnarsbraut og Sunnubraut. Einnig svæðis við dvalarheimilið Silfurtúns og miðsvæðisins norðan Miðbrautar. Tillögurnar eru aðgengilegar í hér á heimasíðu Dalabyggðar og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Við hvetjum íbúa og aðra hagsmunaaðila til að kynna sér tillögurnar og skila inn athugasemum og ábendingum fyrir lok kynningartímans. Athugasemum skal skilað skriflega í gegnum skipulagsgáttina og er frestur til að skila athugasemum til 28. febrúar 2025. Einnig er hægt að senda athugasemdir til skipulagsfulltrúa í netfangið skipulag@dalir.is.

Samskipti hafa átt sér stað undanfarna daga við stjórnendur á HVE (Heilbrigðisstofnun Vesturlands) vegna vannýtttra hvíldarrýma á Silfurtúni en til staðar er heimild til handa heimilinu til þess að starfrækja a.m.k. tvö rými alla jafna til viðbótar við þau átta varanlegu sem nú eru í notkun. Svör þau sem ég fæ eru að það vanti fleira starfsfólk til að sinna heimilisfólki og hef ég hvatt hlutaðeigandi til þess að setja þá kraft í að manna heimilið til viðbótar við þá góðu starfsmenn sem nú þegar eru við störf þannig að við fáum fulla nýtingu á heimilið og að þeir sem þess óska og þurfa komist inn í dvöl á Silfurtúni.



.02.2025 11:25



Ljós. úr safni/ Steina Matt

Eins og fram hefur komið þá varð verulega jákvæð þróun hvað varðar ánægju íbúa í Dalabyggð á milli Íbúakannana landshlutanna á milli ára 2020 og 2023 sem kynnt var sl. sumar. Í Skessuhorninu í síðust viku kom frétt um frekari greiningu á fyrrgreindri þróun þar sem fyrirsögnin var: „Dalabyggð sækir mest á er varðar ánægju íbúa“. Það er ekki amalegt að fá slíka fréttir sem koma í kjölfar þess að könnunin er rýnd frekar eins og áður sagði. Hér má sjá slóð á viðkomandi frétt:

<https://skessuhorn.is/2025/02/07/dalabyggd-saekir-mest-a-er-vardar-anaegju-ibua>

**byggð sækir mest á er varðar
gju íbúa**



61. ÞORRABLÓT UMF. STJÖRNUNNAR



50. Þorrablót Suðurdala




Sælukotið Árblik
Laugardaginn 8. febrúar 2025



Matur er framreiddur af Dalakoti.
Hljómsveitin Bland sér um dansleikinn.
Hákarl og með því í boði Sláturfélags Suðurlands.
Sjoppa verður á staðnum, engin posi.

Það má segja að það hafi undanfarnar helgar verið mögnuð mæting á þorrablót í Dölunum og sýnir það að mínu mati meðal annars það sem birtist í Íbúakönnun landshlutanna. Samstaða hér í Dölum er góð og fólk tilbúið til að mæta á sameiginlegar skemmtanir sem er alls ekki sjálfsagður hlutur. Ef skoðuð er mæting á þessi þrjú þorrablót sem búin eru og svo vænta mætingu á það fjórða um næstu helgi þá má segja að hver einasti íbúi Dalabyggðar hafi mætt á þorrablót í heimasveit þetta árið – hverjir toppa það ?

A photograph of a snowy outdoor area. In the foreground, there are several orange safety barriers partially buried in a deep layer of snow. In the background, there is a wooden fence and a building with a window. The scene is brightly lit, suggesting a sunny day.

Hér sem fyrr í „molum“ sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

Hér til hliðar er mynd að gjöf frá Slysavarnardeild Dalasýslu til leikskólans – strætó sem reyndar á þessari stundu sem myndin var tekin átti í ákveðnum erfiðleikum sökum snjóá. Gjöf sem er ein birtingarmynd samheldni og samvinnu í Dalabyggð.

BBP – 13/02/2025